

Myndlist | Boekie Woekie í Amsterdam aldrei kvikara

Póstkort til Íslands



RÚNA Þorkeldsdóttir á og rekur, í félagi við Jan Voss og Henriëtte Van Egten, bókabúðina og gallerið Boekie Woekie í miðborg Amsterdam og tengist reksturinn Dieter Roth heitnum sterkum böndum.

Rúna sýnir nú verk, sem hún hefur unnið í Boekie Woekie, í Skaftfelli á Seyðisfirði. Sýningin samanstendur af stækkuðum póstkortum og bókalist sem listamaðurinn hefur unnið að síðustu 20 ár í Hollandi og póstkortum í venjulegri stærð.

Rúna segir póstkort yfirleitt vera boðbera gleðilegra tíðinda og vill halda við þeirri hefð að senda póstkort á tímum sms-skilaboða og tölvupósts.

"Bókabúðin var stofnuð 1986 og við farin að vinna með Dieter Roth þegar seyðfirski listahátíðin Á Seyði byrjar fyrst," segir Rúna í samtali við Morgunblaðið. "Hann fékk okkur til að vinna fyrir sig, binda inn og fjölfalda bækur. Þá höfðu bæði Dieter og Björn sonur hans verið í gamla Bryggjuhúsinu á Seyðisfirði í nokkur ár að vinna að list sinni. Þetta vatt upp á sig þannig að bókabúðinni var boðið á Listahátíð og mikið metnaðarmál fyrir Dieter að fá bókabúðina og ferðast með hana út um heiminn, sem hann gerði á síðustu sýningarárnum sínum. Honum fannst þetta svo fínt dæmi því þarna vorum við að vinna að okkar eigin bókum, bjuggum til bækur og gáfum út og kynntum aðra. Á einu þessara ferðalaga kynntumst við fólkinu hér og það er brú á milli Hollands og Seyðisfjarðar. Við skiptumst á upplýsingum og pósti og þeir sem fara héðan til Hollands koma allir að heimsækja okkur. Björn er svo auðvitað eins og grár köttur þarna úti hjá okkur því við erum ennþá að vinna fyrir hann og kynna bækur Dieters. Við fáum sem sagt að selja það sem erfingjarnir eiga af bókum hans."

Bókabúð án hliðstæðu

Rúna segir bókabúðina ekki eiga sér neina hliðstæðu. "Við erum myndlistarmenn sem rekum hana, gefum út okkar eigin verk frá A-Ö, við bindum allt inn og prentum okkar póstkort og gefum út eftir suma listamenn líka, en það geta ekki allir komið með verkefni til okkar, við veljum verkefnin. Við erum t.d. að gefa út núna Magnús Pálsson sem er með sýningu hjá okkur og í sambandi við hana gáfum við út bók með hljóddiski. Við höldum okkur gjörsamlega við bók sem myndverk. Til að lifa af þurfa flestar bókabúðir að taka katalóga um myndlist og myndlistarmennina. Við erum að selja svo rosalega tormelt brauð og það eru ekkert allir sem vilja þetta og hefur tekið mjög langan tíma að venja fólk á okkur. Þó er nú að vikka skilningurinn og við farið á bókamessuna í Frankfurt, fórum frá 1986 og alveg þangað til tvö síðustu árin því við máttum bara ekki vera að því vegna sýningahalds. Við ferðumst gjarnan með búðina í heild og tökum ekki bara með okkar bækur, heldur nokkur eintök af öllum bókunum."

Boekie Woekie tuttugu ára

Rúna segir búiðina skipta máli og vera mikilvægan vettvangur fyrir þessa tegund listar. Menn hafi átt erfitt með að koma bókverkum í umferð. Hún segir smærri útgáfufyrirtæki sem gefi út bækur eftir listamenn hafa fengið að vera með þær í Boekie Woekie og þannig fái stór hluti bókana og svo komi listamenn sjálfir labbandi inn með verk sín. "Við fáum skóla í heimsókn, þetta er partur af kennsludæminu að heimsækja okkur og við setjum upp háskólakennslu á staðnum. Auk hollenskra skóla hafa þýskir skólar einnig komið með nemendur sína til okkar í kennslu. Við erum nú samt að vona að Boekie Woekie verði ekki að stofnun. Ég held ekki, við erum þrjú og keyrum þetta á þeim forsendum að frá upphafi höfum við ekki tekið styrki og okkur hefur tekist þetta í tuttugu ár, eigum afmæli núna í janúar. Það er búið að vera rosalega erfitt á stundum að lifa af þessu þrjú. Við erum ekki með fólk í vinnu, við framleiðum, sitjum yfir, höfum opið alla daga vikunnar og svo skiptum við liði á ferðalögum."

Blóm og forgengileiki lífsins

Rúna segist mála í frístundum. "Jú, jú, maður hefur getað unnið eigin verk t.d. í bakherberginu meðfram því að sjá um búiðina. Ég er að mála og teikna á plötum og get gert það heima líka. Ég vinn mikið á litla offsetvél og formyndin er A4, þá teikna ég plötur, hvern lit inn á pappírplötu á ljósaborði og set í valsinn og maka inn á rúllurnar þannig að ég get málað í leiðinni inni í vélinni og breytt litnum eins og ég vil. Svo læt ég þetta stundum stemma og stundum ekki. Ég hef verið að vinna með blóm í verkum mínum alveg frá fyrstu sýningunni 1979 í Suðurgötunni. Það hefur alltaf verið mjög mikill áhugi á ræktun hjá mér og líka hverfullleika eða forgengileika. Dauðinn er mjög mikið atriði."

Dieter Roth-akademían

Rúna segir Dieter Roth-akademíuna vera að fara til Kína í maí næstkomandi. "Það verður mikið verkefni, við förum með verk þangað og höldum ráðstefnu. Akademían virkar þannig að kynntar eru hugmyndir Dieters og talað um þær við fólk. Hann taldi sjálfur að við lærðum mest af því að ferðast og hitta fólk og það væri besti skólinn. Ef þú ætlar að leggja fyrir þig myndlist er mikilvægast að ferðast um og hitta fólk. Skráir þú þig sem nemanda í akademíuna er ætlast til að þú farir og heimsækir alla prófessorana sem búa út um allan heim. Þetta er eins og þegar lærlingarnir voru sendir til Rómars í gamla daga til að hitta meistarana. Hugsunin er því að þroska sjálfa þig. Þú færð diplómu þegar þú ert búin að þessu öllu en það skiptir samt engu máli. Þú öðlast reynslu og viðhorf og þroskast og mætir sjálfri þér og öðrum á leiðinni."

Einhver truflun að bresta á

Rúna segist ánægð með myndlistarbæinn Seyðisfjörð. Það er svo stórkostlegt að svona lítið bæjarfélag standi fyrir þetta miklu menningarstarfi. Mér finnst það alveg magnað. Okkur langaði t.d. að sýna í Reykjavík fyrir nokkrum árum og það sá sér enginn fært að taka við okkur af því þetta væri svo mikið vesen og kostaði svo mikið. Seyðisfjörður bauð okkur velkomin í einni hendingu og við fluttum alla búiðina og ekkert vesen. Þetta er merkilegt starf og ég vona að það gangi vel áfram." Hún segir listalífið í landinu mjög fjörugt, lærði sjálf á miklum uppgangstímum í listalífinu, þegar allt var í upplausn og gömlum gildum hent út um gluggann. "Svo fóru menn í gallerírekstur og ég var í honum í einhver ár og þá voru innsetningarnar og allt þetta að byrja og þá fóru sýningarnar bara í ruslatunnuna og þetta með að kaupa

og selja urðu gildi sem hrundu líka gjörsamlega. Dieter var til dæmis vandræðagemlingur hvað það varðar að hann er með þennan forgengileika líka, verkin hans eyðast sum og eiga að gera það og forverðir heimsins sitja sveittir yfir því hvernig í ósköpunum eigi að varðveita verkin. Mér finnst aftur vera að bresta á einhver svona truflun í listalífinu á Íslandi. Hér er fullt af flottum og brumandi myndlistarmönnum. T.d. það sem hefur verið að gerast í Kling og Bang í Reykjavík, þar hefur verið mjög fín grúppa og mikið að gerast í kringum hana."